



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, mánudagur, 11. janúar 2021
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 17. desember 2020, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa fagnar þeirri grunnhugmynd sem frumvarpið byggir á um bætta þjónustu í þágu barna og því markmiði að skapa barnvænt samfélag. Stofan styður almennt þær kerfisbreytingar sem fólgnar eru í frumvarpinu en telur nauðsynlegt að benda á eftirfarandi atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

I.

Annars vegar vill Barnaverndarstofa nefna að fyrir liggur að frumvarpið er aðeins einn liður í heildarendurskoðun á þjónustu í þágu farsældar barna og mörg ákvæði frumvarpsins bera þess merki, s.s. þannig að þau teljast nokkuð opin og varða markmið með umræddri heildarendurskoðun. Frekari breytingar á öðrum lögum munu fylgja innleiðingarferlinu og munu snúa að nánari efnisatriðum er varða þjónustu fyrir börn. Þegar þær breytingartillögur liggja fyrir mun stofan betur í stakk búin til að setja fram athugasemdir sem snúa að slíkum lagabreytingum. Barnaverndarstofa leggur hér áherslu á mikilvægi þess að samhliða frumvarpi þessu verði ráðist í mikilvægar breytingar á barnaverndarlögum, sem nauðsynlegt er að gera á skipulagi barnaverndarmála til að efla og bæta vinnslu þeirra mála, ekki síst er varðar fyrirkomulag mála hjá sveitarfélögum. Einnig leggur Barnaverndarstofa áherslu á að með slíkum lagabreytingum kann að þurfa að skerpa nánar á heimildum sem snúa að fyrirhuguðu meginhlutverki Barna- og fjölskyldustofu sem rakið er í 6. gr. frumvarpsins og 3. gr. frumvarps til laga um Barna- og fjölskyldustofu.

II.

Hins vegar er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir umfangsmikilli vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem er talin nauðsynleg til að ná markmiðum um snemmtækan stuðning og samþættingu þjónustu, sbr. einkum IV. og V. kafli laganna. Í niðurstöðum sem fram komu í mati á áhrifum á persónuvernd sem unnið var í aðdraganda frumvarpsvinnunnar, kom fram að áhætta fylgdi því að frumvarpið yrði að lögum áður en lokið væri við gerð stafrænna lausna fyrir vinnslu upplýsinga samkvæmt því. Þá liggur fyrir að notuð verður sérstök stafræn lausn



tengd gagnagrunni sem mun verða í umsjón Barna- og fjölskyldustofu við vinnslu persónuupplýsinga.

Barnaverndarstofa tekur undir niðurstöður mats á áhrifum á persónuvernd sem lýst hefur verið hér að framan og telur að miðað við umfang þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem frumvarpið feli í sér þá sé óheppilegt ef stafrænar lausnir við meðferð slíkra gagna verði mögulega ekki tilbúnar áður en lögin öðlast gildi. Vonandi verður þó hægt að nýta tímann fram að gildistöku laganna til að tryggja að slíkar lausnir liggi fyrir. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að hinni nýju Barna- og fjölskyldustofu er falin töluverð ábyrgð í þessum efnum enda er stofunni ætlað að hafa umsjón með þeim gagnagrunni sem fyrirhugað er að koma á fót og mun stofan þannig bera ábyrgð á allri vinnslu persónuupplýsinga í grunninum.

Barnaverndarstofa telur hér jafnframt mikilvægt að kveðið verði með skýrum hætti á aðskilnað þeirra persónugreinanlegu upplýsinga sem BFS er ætlað að varðveita, þar á meðal gagnagrunnsins, frá gögnum annarra ríkisstofnana. Eins og skipulag tölvumála ríkisstofnana er í dag þá er gert ráð fyrir að gögn opinberra stofnana séu geymd þvert á stofnanir í sjö skýjageira (e. tenant) sem eru hluti af innleiðingu Microsoft 365 hjá ríkinu. Þannig geta gögn einnar stofnunar verið aðgengileg þeim aðilum sem halda utan um tölvukerfi annarrar stofnunar gegnum umræddan skýjageira nema lög geri ráð fyrir að þau séu sérstaklega skilin frá öðrum gögnum (þ.e. að gert sé ráð fyrir svokölluðum tæknilegum aðskilnaði) og gerður sé sérstakur samningur um varðveisluna við Microsoft. Að mati Barnaverndarstofu eru þau gögn sem BFS er ætlað að halda utan um og varðveita, m.a. gegnum umræddan gagnagrunn, svo viðkvæm og umfangsmikil að mikilvægt sé að vernda þau með þeim hætti að þau verði aðskilin frá gögnum annarra opinberra stofnana og kallar það á að það verði gert með afgerandi hætti í lögum. Leggur Barnaverndarstofa því áherslu á að frumvarpinu verði breytt til samræmis við þær kröfur.

III.

Hvað varðar fjárhagsleg áhrif af frumvarpinu þá telur Barnaverndarstofa nauðsynlegt að benda á að líkt og fram kemur í umsögn stofunnar um frumvarp um Barna- og fjölskyldustofu (sbr. 355. mál) eru ekki öll verkefni stofunnar fjármögnuð í grunnfjárheimildum hennar í dag.

Fjöldi stöðugilda og kostnaður vegna nýrra verkefna BFS, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þetta og frumvarpi um Barna- og fjölskyldustofu, er mjög varlega áætlaður miðað við þau fjölmörgu verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna. Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að stöðugildum sérfræðinga með fjölbreyttan bakgrunn fjölgi um 15 til 20 og er áætlaður kostnaður vegna þessa 250 millj. kr. á ári. Barnaverndarstofa framkvæmdi, að beiðni félagsmálaráðuneytisins, kostnaðarmat vegna aukinna verkefna tengdum frumvarpi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og frumvarpi um Barna- og fjölskyldustofu. Er það mat Barnaverndarstofu að fjölga þurfi stöðugildum um 36 og árlegur kostnaður er metinn 534 millj. kr. á ári. Þarna er mismunur upp á 16-21 stöðugildi á frumvarpsdrögum og útreikningi Barnaverndarstofu og virðist mismunurinn að mestu liggja í því að frumvarpsdrögin gera ekki ráð fyrir aukningu stöðugilda í stoðþjónustu og stjórnun líkt og stofnunin gerði ráð fyrir í sínum útreikningum.

Frumvörpin tvö gera ráð fyrir að stöðugildum fjölgi um allt að 20 með nýjum verkefnum. Auknum verkefnum fylgir óhjákvæmilega aukin umsvif stofnunar að öðru leyti (s.s. í



mannauðsmálum, rekstri og annarri stoðþjónustu) sem kalla á fjölgun stöðugilda til að sinna þeim verkefnum. Barnaverndarstofa vill því vekja athygli velferðarnefndar Alþingis á því að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að þessi 15-20 stöðugildi, sem gert er ráð fyrir að bætist við þann hóp starfsmanna sem nú starfar hjá Barnaverndarstofu, fari öll í beina þjónustu við börn. Nánar er gert grein fyrir fjárhagslegum áhrifum frumvarpanna í umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um Barna- og fjölskyldustofu, 355 mál.

IV.

Að öðru leyti vill Barnaverndarstofa vísa til umsagnar sem veitt hefur verið um frumvarp um Barna- og fjölskyldustofu (sbr. 355. mál), sem er til meðferðar á Alþingi og hjá velferðarnefnd þingsins samhliða frumvarpi þessu. Þær umsagnir lúta enda að breytingum sem heyra undir heildarendurskoðun á þjónustu í þágu farsældar barna.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu